

## Fundargerð

38. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 18. október 2013 kl. 13:30 að Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

**Reykjavík:**

Páll Hjaltason

**Kópavogsbær:**

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

**Garðabær:**

Steinþór Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir

**Seltjarnarnesbær:**

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

**Kjósarhreppur:**

Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. **Breytingartillögur svæðisskipulags vegna aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga. Afgreiðsla eftir auglýsingu.**

Hrafnkell fór yfir greinargerð fagráðs og tillögur um viðbrögð við athugasemdum.

*Niðurstaða*

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að leggja tillöguna fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar samkv. 23 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006, með þeim lagfæringum sem fagråd leggur til.

Svæðisskipulagsnefnd minnir á að eigendur SORPU bs. eiga eftir að ná samkomulagi um uppbyggingu og staðarval á gas- og jarðgerðarstöð og framtíðarlausnir vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs sbr. fyrirbyggjandi fyrirvara Mosfellsbæjar um breytingar á Álfnesi.

Sömu leiðis er afstaða Seltjarnarnesbæjar háð því að samkomulag náist er tryggir örugga og greiða umferð um helstu umferðaræðar vesturbæjar Reykjavíkur, sbr. m.a. samþykkt bæjarstjórnar Seltjarness hinn 8. maí 2013, sjá fylgiskjal.

2. **Nýtt svæðisskipulag, drög að niðurstöðum á umhverfismati sviðsmynda.**  
Fulltrúar Alta kynntu drög að niðurstöðum á umhverfismati sviðsmynda og svöruðu fyrirspurnum.
3. **Önnur mál.**

Dr. [Signature]  
[Signature] H BH  
[Signature] [Signature]

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Hrafnkell gerði grein fyrir fyrirhugum íbúafund þann 9. nóvember þar sem 100 íbúum gefst kostur á að segja sitt álit á sviðsmyndum um mögulega þróun höfuðborgarsvæðisins og umhverfismati þeirra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15.

Paul Spillman

Skimpés Þinn essam  
Kagntuldas Argólyd.

Þ. Snyrti Harald

Ran

Þingmúli álfur

Sigurður Brótt Jónur  
Marsvéljóna Ragnar

Blápurlegur

Hindin Day.

**Fylgiskjal**  
**Með fundargerð 38. fundar**

Miðvikudaginn 8. maí 2013 kl. 17:12 kom bæjarstjórn Seltjarnarness saman til fundar í fundarsal sínum að Austurströnd 2, Seltjarnarnesi og var eftirfarandi bókað:

9. Tillögur og erindi:

a) Lagt var fram erindi frá SSH um breytingar tillögu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkir fyrir sitt leyti að tillaga að breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001- 2024 vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga verði auglýst skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010.

Samþykkt samhljóða

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkir eftirfarandi bókun vegna breytingartillögu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001- 2024:

Bæjarstjórn Seltjarnarness áréttar fyrri bókanir um andstöðu við tillögu um að falla frá stokkalausn sem og fyrirhugaðar þrengingar um Mýrar- og Geirsgötu sem skilgreindar eru stofnleið í gildandi svæðisskipulagi. Að mati bæjarstjórnar eru allar breytingar/þrengingar á stofnleiðum ótímabærar meðan ekki liggur fyrir greining á helstu rýmingarleiðum sem fyrirhug að er að gera í heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Tryggja þarf óheftan forgangsakstur og samræmt skipulag komi til rýmingar vegna hættu ástands fyrir Seltjarnarnes og Vesturbæ. Tryggja verður öryggi fólks og umferðaröryggi á öllum tímum sem og áhættu- og neyðartímum og uppfylla lagalega skyldu Vegagerðarinnar m.a. um umferðaröryggi.